



Forsætisráðuneytið

**Svar við skriflegri fyrirspurn E13/2024 um fyrirbyggjandi starf gegn stjórnsýsluhindrunum**

Svíþjóð hefur sem formennskuland mótttekið skriflega fyrirspurn Norðurlandaráðs E13 um fyrirbyggjandi starfs gegn stjórnsýsluhindrunum.

Að stuðla að samþættingu og fyrirbyggja og afnema stjórnsýsluhindranir er lykilatriði til þess að Norðurlönd nái því sameiginlega markmiði sínu að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Við samstarfsráðherrarnir finnum fyrir mikilli ábyrgð á þessu málefni og sjáum þörf fyrir að efla starf okkar bæði á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar og á landsbundnum vettvangi. Stjórnsýsluhindranaráðið gegnir mikilvægu hlutverki í þessu starfi en eins og Norðurlandaráð hefur bent á kemur það ekki í veg fyrir að sýna þurfi ábyrgð á landsbundnum vettvangi.

Samþætt Norðurlönd án stjórnsýsluhindrana er ein helsta áhersla sænsku formennskuáætlunarinnar og allir samstarfsráðherrarnir deila markmiðinu að auka hraða þess starfs, en þeir vilja gjarnan sjá skýrari tengingu milli landsbundins starfs og þess starfs sem fer fram í Stjórnsýsluhindranaráðinu. Þess vegna er að beiðni samstarfsráðherrana hafin vinna við gerð stefnumarkandi úttektar á starfi tengdu hreyfanleika og stjórnsýsluhindrunum frá árinu 2025 og áfram sem nær ekki aðeins til Stjórnsýsluhindranaráðsins heldur einnig alla Norrænu ráðherranefndina, landsbundinn vettvang og aðra utanaðkomandi aðila. Þessi úttekt mun greina og mæla með hvernig efla má og skipuleggja starfið í framtíðinni.

Á meðan þess er beðið að úttektin verði kynnt viljum við svara spurningum Norðurlandaráðs með eftirfarandi:

Forgangsröðun norrænna ríkisstjórna og yfirvalda innan ramma stjórnsýsluhindranastarfsins er yfirleitt ekki frábrugðið því hvernig unnið er að öðrum pólitískum málefnum. Veigamiklar ákvarðanir eru oftast teknar eftir vandlegan undirbúning með innleggi ólíkra aðila, meðal annars með formlegu umsagnarferli. Hvað varðar stjórnsýsluhindranir er til dæmis oft haft samráð við landsfulltrúa Stjórnsýsluhindranaráðsins, upplýsingaþjónustur, svæðisbundna og staðbundna ráðamenn og aðra hagsmunaaðila.

Ekki eru heldur ferlar innan stjórnarráðanna til að tilkynna reglulega að *ekki* verði gripið til aðgerða. Nálgunin ræðst af samhenginu.

Í dag, og ekki síst eftir kórónuveirufaraldurinn, er mikil vitund um og vilji til að stuðla að norrænni samþættingu í norrænni stjórnsýslu. Það er ekki síst aukin vitund um að grípa þarf til aðgerða sem stuðla að hreyfanleika á Norðurlöndum og koma í veg vandamál fyrir að þau sem nýta sér slík tækifæri. Þetta á einnig við um stofnanir sem starfa oft náið með sambærilegum stofnunum í öðrum norrænum löndum. Yfirvöldum er þó ekki skylt almennt að tilkynna vandamál til ríkisstjórnarinnar, til dæmis ef leysa má sum vandamál með samvinnu milli stofnanna, ekki síst á landamærasvæðum.

Í flestum norrænu löndunum er engin yfirvettvangur sérstaklega fyrir stjórnsýsluhindranastarfið. Hvert ráðuneyti ber ábyrgð á sínum eigin málefnum og forgangsmál ríkisstjórnanna eru ákvörðuð á sama hátt og önnur pólitísk málefni. Hins vegar má bæta við að, eins og fram kemur í ráðherraýfirlýsingunni frá Halden 2022, bera samstarfsráðherrarnir sérstaka ábyrgð á að vekja athygli á norræna sjónarhorninu, bæði milli landa okkar og innan ríkisstjórna sinna. Í ráðuneytum landanna starfa einnig embættismenn sem styðja samstarfsráðherrana í þessari vinnu.

Vinnan að því að fyrirbyggja og afnema stjórnsýsluhindranir er einnig tvíhliða – það eru ekki aðeins samstarfsráðherrarnir heldur einnig aðrir viðeigandi ráðherrar sem oft eru í samskiptum og skiptast á heimsóknum.

Fólk sem telur sig hafa orðið fyrir stjórnsýsluhindrun getur annaðhvort haft beint samband við yfirvöld eða þann aðila sem tók ákvörðunina, við upplýsingaþjónustur landamærasvæðanna, Info Norden eða tilkynnt vandamálið rafrænt með „Ditt gránshinder“ (þín stjórnsýsluhindrun).

Ríkisstjórnir og þjóðþing Norðurlandanna hafa landsbundnar verklagsreglur um skoðun nýrra lagafrumvarpa. Í sumum löndum er það að fyrirbyggja stjórnsýsluhindranir liður í þessari skoðun.

Að því er varðar norrænt samstarf um samræmda innleiðingu ESB-tilskipunar um að forðast nýjar stjórnsýsluhindranir er rótgróið samstarf á mörgum stigum í höfuðborgunum og í Brussel. Um leið getur aukið virði falist í auknu samstarfi – bæði með vinnu á fyrstu stigum og við innleiðingu löggjafar á ESB-stigi sem hefur áhrif á málefni sem snerta Norðurlöndin sérstaklega, þar á meðal þau er varða landamæri, eftir því sem við á. Einnig fer öflugt starf fram í norrænu ráðherranefndunum á mismunandi sviðum.

Þegar ólíkar túlkanir eru á norrænum sáttmálum eru ýmiss vettvangur til staðar þar sem hægt er að sinna þeim málum, til dæmis í hinar ýmsu ráðherranefndir og embættismannanefndir þeirra, eða með verklagsreglum sem tengjast þeim samningum sem um ræðir.

Von norrænu samstarfsráðherranna er að stefnumarkandi úttektin leiði til ráðlegginga og góðra dæma um hvernig má efla og tengja landsbundið starf og starf í Norrænu ráðherranefndinni betur saman.

Fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlanda,

Jessika Roswall

ESB-ráðherra Svíþjóðar sem ber ábyrgð á málefnum Norðurlanda